



2010

Þjóðarspegillinn

Menningarstefna og fagurfræði

Sigurjón Baldur Hafsteinsson
Heiða Björk Árnadóttir

Félags- og mannvísindadeild
Ritstjórar: Helga Ólafs og Hulda Proppé

Rannsóknir í félagsvísindum XI. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2010

Ritstýrð grein

Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

ISBN 978-9935-424-02-0



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Menningarstefna og fagurfræði

Sigurjón Baldur Hafsteinsson
Heiða Björk Árnadóttir

Á undanföllum þremur áratugum hefur vaxandi áhersla verið lögð á að skoða þátt stefnumótunar á sviðum stjórnsýslu í tengslum við alþjóðavæðingu (Shore og Wright, 1997). Sérstaklega hefur verið litið til þess hvernig þjóðríki og stjórn málaöfl hafa notað stefnumótun til þess að bregðast við hnattrænum ferlum alþjóðavæðingar (Street, 2000). Á sama tíma má greina meiri áhuga meðal fræðimanna á því að skoða fagurfræði í tengslum við þessi viðbrögð, en með hugtakinu fagurfræði er átt við gagnrýna greiningu á tilfinningum, viðhorfum og smekk fólks (Bordieu, 1984). Því hefur meðal annars verið haldið fram að áhugi fræðimanna á fagurfræði beinist gegn innihaldsleysi (*dumbing down*) dægurmenningar samtímans annars vegar, og hins vegar efasemdum póstmóðernista um möguleika á óháðu fagurfræðilegu gildismati og réttmæti fagurfræðilegrar aðgreiningar. Street heldur því til að mynda fram að þessir tveir straumar séu tvær hliðar á sama peningnum og lýsandi fyrir stjórnsýslu og pólitík dægurmenningar samtímans, þar sem pólitísk gildi og hugsjónir hafa mótandi áhrif á fagurfræðilegt mat og að fagurfræðileg gildi móti pólitískar ákvarðanir. Fagurfræðilegt mat er aldrei óháð eða sjálfsagt, að hans mati, heldur er það afurð ferlis þar sem valdi er úthlutað og réttlætt (Steet, 2000).

Í þessari grein verður fjallað um breytingar sem snerta gagnkvæm tengsl menningarstefnu íslenskra stjórnvalda á árabílinu 1991-2009 við fagurfræðileg gildi. Sérstaklega verður horft til þess hvernig breytingar á menningarpólitíska sviðinu sem rekja má til fagurfræðilegra gilda nýfrjálshyggu og um leið hvernig pólitísk gildi móta fagurfræðilegar ákvarðanir og ferli í menningarlegum eignum. Við fylgjum stjórn málafræðingnum John Street að máli, en hann hefur haldið því fram að mótun menningarstefnu feli ávallt í sér ákveðna dóma yfir menningu og sé hluti af matsferli, þar sem pólitísku valdi er beitt og fagurfræðilegt mat notað til þess að réttlæta þá valdbeitingu (Steet, 2000, bls. 27-28). Í ljósi þessa kallar Street eftir því að fræðimenn greini fagurfræðilega dóma sem hluta af pólitísku ferli og rannsaki *hvernig* slíkir dómur eru felldir og notaðir við pólitíska stefnumótun. Slík greining fæli í sér reynsluathuganir á því hvernig dómur eru felldir yfir menningu samtímans, m.a. með mótun menningarstefnu og hvernig þeir eru réttlættir, en jafnframt greiningu á því fagurfræðilega og pólitíska gildismati sem liggur til grundvallar slíkum dómum. Hér er því ætlunin að gera tilraun til þess að horfa á menningarstefnu og fagurfræði út frá tveim sjónarhornum og hvernig þau fléttast saman, annars vegar út frá hugmyndafræði og aðgerðum stjórnvalda (að ofan) og hins vegar út frá hugmyndafræði og aðgerðum svokallaðrar grasrótar (að neðan). Í þessari grein eru tekin fyrstu skref í úrvinnslu á eigindlegum gögnum sem safnað var vorið og sumarið 2010, en tekin voru tuttugu opin viðtöl við forsvarsmenn nýrra verkefna á sviði menningar, með sérstakri áherslu á söfn, sýningar og setur.

Stjórnkerfi menningarinnar

Á undanföllum árum hefur verið kvartað undan því að á Íslandi sé engin heildstæð stefna (*policy*) á sviði menningar (Guðmundsson, 2003). Ekki eru allir sammála því mati. Ómar H. Kristmundsson (2008, bls. 68) hefur haldið því fram að með hugtakinu stefna sé átt við bæði „leikreglur“ sem menn sannmælast um að fylgja, sem og

„varanlega ákvörðun, skuldbindingu eða yfirlýsingu stjórnenda um verklag eða vinnubrögð“. Tryggvi Þórhallsson (1993) tekur annan pól í hæðina í forkönnunarskýrslu sem hann vann fyrir menntamálaráðuneytið og Samband íslenskra myndlistarmanna árið 1994. Þar heldur hann því fram að menningarstefnu hins opinbera sé fyrst og fremst að finna í *stjórnkerfi menningarinnar* eða hvernig hið opinbera hefur skipulagt starfsemi sína. Tryggvi tekur dæmi af því hvernig menntamálaráðuneytið hefur leitað eftir samstarfi um stefnumótun og aðgerðir þar sem „framkvæmd afmarkaðra þátta í menningarstefnunni hefur verið falin sjálfstæðum aðilum, ýmist með opinberum reglum eða sérstökum samningum þar að lútandi“ (Tryggvi Þórhallsson, 1993, bls. 5). Í svipaðan streng hefur Haukur F. Hannesson tekið en hann heldur því fram að menningarpólítiska stefnu megi greina meðal annars í þeim lögum sem sett hafa verið um menningarstarfsemi í landinu, s.s. um menningarstofnanir sem starfa á vegum hins opinbera (Haukur F. Hannesson, 2010). Menningarpólítiska stefnu er því að finna í *stjórnkerfi menningarinnar* og endurspeglast ágætlega í orðum þáverandi menntamálaráðherra Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur:

Ég mótmæli því hardlega að hér ríki hentistefna varðandi menningarmál í landinu [...] menningarstefna okkar kemur að meginhluta til fram í fjárlögum, m.a. í þeim menningarsamningum sem við höfum gert á undanförunum árum, menningarkynningu, öflugu listalífi [...] *menningarstefna ríkisins [er]* ekkert endilega bara plagg frá skrifstofu Bandalags íslenskra listamanna heldur *miklu frekar samvinna á milli hinna ýmsu aðila* [...] sem hafa mikilla hagsmuna að geta þegar kemur að menningu og listum (Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, 2008).

Það er mikilvægt að taka fram að á sama tíma og ríkisstjórnir nýfrjálshyggju hafa lagt áherslu á menningarstefnu sína á þann hátt sem Þorgerður Katrín lýsir hér að ofan, þá hefur annað fyrirkomulag skotið rótum í bæjarfélögum og sveitarstjórnunum út um allt land. Á umræddu tímabili hafa stór sem smá bæjarfélög og sveitastjórnir um land allt smíðað og lagt fram opinberlega menningarstefnur sem lið í stefnumiðaðri áætlun (sjá Ómar H. Kristmundsson, 2008) fyrir samskipti þeirra við stjórnvöld og íbúa svæðisins. Sú breyting er lýsandi dæmi fyrir þá gagnvirkni sem á sér stað innan stjórnsýslunnar á undanförunum tuttugu árum, en jafnframt dæmi um það hvernig fagurfræðilegir dómar geta haft áhrif á stefnumótun á sviði menningar.

Nýfrjálshyggja og fagurfræði safnasviðs

Menningarstefna íslenskra ríkisstjórna frá árinu 1991 tók mið af pólitískum markmiðum, sem voru einkavæðing ríkisfyrirtækja, minni ríkisafskipti og að leitað yrði leiða til að virkja einstaklingsframtak og styrkja tengsl ríkis við sveitastjórnir (Ómar H. Kristmundsson, 2003). Er leið á tæplega tuttugu ára tímabil menningarstefnu nýfrjálshyggju var hún sett í rökrétt samhengi við þessi pólitísku markmið. Björn Bjarnason menntamálaráðherra sagði til að mynda árið 2002 að „verkefnið um menningarhús á landsbyggðinni muni ráðast mjög af framgangi einkavæðingar...“ (Björn Bjarnason, 2002, bls. 4). Ríkisstjórnir Íslands frá 1991 til 2009 gerðu fjölmargar tilraunir til afnáms miðstýringar ríkisvaldsins á flestum sviðum þess, svo sem á menningarsviðinu, þar sem markmiðið var meðal annars valddreifing um ákvarðanatökur og framkvæmdir (Ómar H. Kristmundsson, 2003). Á sviði safna var það setning Safnalaga (nr. 106/2001), Þjóðminjalög (nr. 107/2001), og Lög um Náttúruminjasafn Íslands (nr. 35/2007), sem voru m.a. hugsuð sem aukið vald til faggreinanna sjálfra sem standa að safnastarfi í landinu. Miðuðust breytingarnar við að auka efnahagslega hagkvæmni, auka faglegt starf í hnattvæddri samkeppni og ekki síst

að standa vörð um einkenni íslenskrar þjóðmenninga.¹ Síðasta ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar frá 2007-2009 minnst ekki einu orði á menningarmál í stjórnarsáttmála sínum og er ein helsta vísbendingin um fagurfræðileg gildi nýfrjálshyggju, þar sem því var trúað að efnahagsleg velmegun myndi sjálfkrafa leiða af sér aukningu á menningarsviðinu (*trickle down effect*) (sjá Heelas og Morris, 1992). Breytingarnar á menningarstefnu stjórnvalda má einnig greina í breytingu á rekstrarformum menningarstofna (Tryggvi Þórhallsson, 1993, bls. 5), innleiðingu samningsstjórnunar (Ómar H. Kristmundsson, 2009), og jafnframt í aukinni opinberri umræðu um stefnumótun stjórnvalda annars vegar og almennt um fagurfræðileg gildi þess sem kallað hefur verið íslensk menning hins vegar.

Forsvarsmenn hinnar nýju menningarstefnu í menntamálaráðuneytinu voru frá árinu 1991-2009, allir ráðherrar Sjálfstæðisflokksins, sem hver með sínum hætti undirstrikaði hina nýju menningarstefnu.² Menningarstefnan einkenndist af nokkrum þáttum sem byggja á gildum nýfrjálshyggju. Gildin eru meðal annars þau að einstaklingurinn er álitinn „framleiðandi“, efnahagsleg gildi eru jafnframt talin eftirsóknarverð í sjálfu sér, og frelsi til að velja er álitid eitt af lykil gildum kerfisins (Heelas og Morris 1992, bls. 1-5). Menningarstefnan hér á landi lagði ríka áherslu á þessi gildi og gerðu ráðmenn sér sérstakt far um að *óskeyra mörkin* frá því sem áður var milli þess persónulega og opinbera á menningarsviðinu. Björn Bjarnason, þáverandi menntamálaráðherra, hélt því meðal annars fram í viðtali árið 1997 að „Úthlutunarvald [fjármuna] í höndum einstaklinga úti í atvinnulífinu [væri] ekkert í verri höndum heldur en hjá [...] embættismönnum eða stjórnmalámönnum“ (Guðbrandur Benediktsson, 1997). Taldi Björn að einstaklingar í atvinnulífinu ættu að koma með afgerandi hætti að fjármögnun menningarinnar í landinu og varð honum að ósk sinni s.s. með samningi eignarhaldsfélagsins Samson við Listasafn Íslands. Björn gerði einnig að sérstöku umtali hvernig íslensk menning væri ekki jaðarmenning heldur alþjóðleg menning (Björn Bjarnason, 1995), en sú áhersla hafði það að markmiði að innleiða breytingar í fagurfræðilegu mati. Í öðru lagi gerði menningarstefnan sér mat úr framandleika íslenskrar menningar og hvatti til að hann væri nýttur til efnahagslegrar uppbyggingar. Tómas Ingi Olrich benti til dæmis á það árið 2003 að á sama tíma og „samræmdar viðskiptareglur og heimsvæðing viðskipta drægju úr sérkennum þjóða [...] væri menningarleg sérstaða einmitt eftirsótt og í raun viðskiptavara...“ („Hlutverk Þjóðminjasafns“ 2003, bls. 23). Sérstaklega var höfðað til menningararfleifðar á söfnum og hvatt til nýsköpunar. Í þriðja lagi lagði menningarstefnan ríka áherslu á skemmtigildi menningar og réttlætti með þeim rökum uppbyggingu á menningarstofnunum sem hafa verið nefndar setur, safnvísar og sýningar. Opinber stuðningur við slíka uppbyggingu beindist að því kerfi sem fyrir var, þar sem menningarstofnanir á vegum hins opinbera þóttu leiðinlegar, kerfisbundnar og skorta frumkvæði og sveiganleika í starfi og rekstri. Í fjórða lagi lagði menningarstefnan áherslu á mælanlegan árangur og þá fyrst og fremst í aðsóknartölum. Menningarstofnanir komu til móts við þessa kröfu með ýmsum hætti, s.s. eins og að bjóða upp á sýningar alþjóðlegra listamanna í von um að þær yrðu vinsælar og vel

¹ Þessi „vörður“ sem standa átti um íslenska menningu gegndi veigamiklu pólitísku hlutverki við það að „halda þjóðinni saman“ eins og bent hefur verið. Sjá Arnar Árnason, Sigurjón Baldur Hafsteinsson og Tinnu Grétarsdóttir (2003).

² Eftirfarandi skrif ráðherrana má líta á sem stefnufirlýsingar þeirra á sviði menningarmála og áherslur sem þeir lögðu í ráðherra tíð sinni. Ólafur G. Einarsson (ráðherra 1991-1995) skrifaði greinina „Íslensk menning á mótum nýrra tíma“ í Stefnil, tímarit um stjórnmal og menningarmál 1993, 1(44). Björn Bjarnason (ráðherra 1995-2002) stóð fyrir lagabreytingu sviðsins með Safnalögum og Þjóðminjalögum. Tómas Ingi Olrich (ráðherra 2002-2003) skrifaði skýrsluna Menningartengd ferðabjónusta (2001). Og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir (ráðherra 2004-2009) gaf út í sinni tíð bæklinginn Menningarstefna í mannvirkjagerð (2007).

sóttar.³ Aðrar leiðir voru einnig farnar, s.s. eins og að vekja sem mesta athygli á starfsemi stofnanna sem mest í fjölmiðlum, en talning á opinberri umfjöllun var álitinn marktækur mælikvarði á gæði stofnanastarfs. Þessum áherslubreytingum í menningar-
pólitíkinni var fengið aukið vægi með tilvísan til hnattvæðingarferla, þar sem breytingarnar voru sagðar óhjákvæmilegar og um leið tækifæri. Þessar áherslur sem hér hefur verið tæpt á hafa birst með ýmsum hætti í því hvernig fagurfræðilegir dómur hafa verið felldir og síðan notaði við pólitíska stefnumótun.

Í Reykjavíkurbréfi *Morgunblaðsins* frá árinu 2001 er því haldið fram að nýjar áherslur í stjórnun og framsetningu listasafna hér á landi hafi skotið rötum og megi rekja til hnattrænna áhrifa. Í greininni er því haldið fram að stofnanavald, sjónarmið minnihlutahópa, margbreytileiki í túlkun og hæfir stjórnendur hafa rutt úr vegi „gamaldags“ viðhorfum, s.s. eins og að safneign sé „kyrrstæð heild“, og að hana þurfi að sýna „í tímaröð“ fyrir „heldra fólk“ sem séu hluti af „hámenningarstefnu“ safna með sjálftekið kennivald í túlkun á gripum og sýningum (Reykjavíkurbréf, 2001). Í blaðdagreininni er fjallað um umræðuefni sem átt hafði sér stað um nokkurt skeið erlendis, en hér á landi höfðu fulltrúar úr stjórnkerfi menningarinnar einnig lagt sitt af mörkum til þess að breyta hlutverki og tilgangi menningarstofnana (Loftur Atli Eiríksson, 2010) og sérstaklega safna. Á Farskóla safnmanna árið 1996 hélt Gunnar B. Kvaran, forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur,⁴ erindi þar sem hann gerir tilkall til þess að söfn á Íslandi endurmeti hlutverk sitt í samfélaginu út frá markaðslegum sjónarmiðum nýfrjálshyggju (Gunnar B. Kvaran, 1996). Gunnar heldur því fram að söfn séu að stofni til yfirstéttastofnanir og má skilja af orðum hans að því vilji hann breyta svo þau höfðu til breiðari hóps fólks. Gunnar leggur áherslu á að nauðsynlegt sé fyrir íslenskt samfélag að gera sér grein fyrir því að söfn séu „raunverulegt bindiefni“ í samfélagslegu tilliti. Söfn, sýningar og setur sem „raunverulegt bindiefni“ í samfélagslegum eignum er einkennandi fyrir margt af því sem fulltrúar nýrra menningarverkefna víða um land nefna sem eitt helsta markmiðið með stofnun þeirra. Einn forsvarsmanna Sauðfjársetursins á Ströndum sagði til dæmis í blaðdæmi að „megintilgangurinn [með stofnun þess sé] sá að efla virðingu fyrir bændum og um leið sjálfsvirðingu þeirra sjálfrá. Við sem að þessu stöndum erum bændur og bændasynir og og okkur hefur þótt stéttin átt heldur undir högg að sækja undanfarin misseri“ (Sigurbjörg Þrastardóttir, 2002, bls. 2B). Í þessum orðum kemur fram skoðun um samfélagslegt hlutverk Setursins, en um leið er settur fram dómur um stöðu sem fjárbænda í samtímanum. Frá því að Sauðfjársetrið var stofnað árið 2002 hefur því vaxið fiskur um hrygg, hlotið styrki frá Safnaráði og eignast sitt eigið húsnæði.

Eins og komið var að hér að framan var lögð áhersla á það í nýju menningarstefnunni að hverfa frá miðstýringarvaldi stofnana á menningarsviðinu. Hvatningin fyrir þeirri áherslu liggur í gildum nýfrjálshyggju þar sem lögð er áhersla á einstaklingsmiðað frelsi til skoðanaskipta og athafna. Samfélagslegar stofnanir urðu að geta sýnt rekstrarlegan og stjórnunarlegan sveigjanleika líkt og einkafyrirtæki, og einnig var talið nauðsynlegt að menningastofnanir mættu væntingum breiðari hóps fólks en áður hafði tíðkast um aðferðir til menntunar, skemmtunar og afþreyingar. Síðastnefnda atriðið er tilraun til þess að innleiða nýja fagurfræði á grundvelli þess að mæta væntingum sem flestra. Einn viðmælandi okkar, sem er forsvarsmáður sagnaverkefnis, sagði meðal annars að einn helsti hvatinn fyrir stofnun verkefnisins hafi verið sá að „minjasöfn væru rykfallin og óspennandi.“ Af þessum orðum má sjá

³ Sjá t.d. viðtal við Eirík Þorláksson forstöðumann Listasafns Reykjavíkur, „Áhuginn endurspeglast í aðsókn“ *Morgunblaðið* 28. janúar 2005. Eiríkur er þó á varðbergi gagnvart þeirri trú að leggja að jöfnu gæði menningarstofnana og aðsóknar að þeim.

⁴ Það er ekki svigrúm til að ræða ítarlega þau áhrif sem stjórnkerfisbreytingar Reykjavíkurlistas höfðu á stjórnkerfi menningarinnar í Reykjavík, en listinn stóð fyrir hugmyndafræðilegri byltingu innan kerfisins þar sem hlutverk stjórnmalamanna var ekki lengur „að stjórna vexti heldur að stjórna breytingum.“ Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 5. desember 1997. *Ræða borgarstjóra vegna fjárhagsáætlunar*. Skjalasafn Reykjavíkurborgar.

hvernig eldri safnastofnanir gegndu því fagurfræðilega hlutverki að vera andhverfa nýrra verkefna og virkuðu um leið sem hvati til breytinga. Með áherslu á skemmtun var álitid að verið væri að höfða til breiðari þátttöku fólks og tók Þjóðminjasafn Íslands meðal annars þátt í þessari breytingu með opnun safnsins árið 2004, þar sem boðið var uppá „skemmtimenntun“ fyrir gesti og í sýningaruppsetningum (Sigrún Kristjánsdóttir munnleg heimild, 28. nóvember 2008).



Mynd 1. Menningarstefna nýfrjálshyggju lagði áherslu á einstaklingsframtak og um leið einstaklingsábyrgð. Menningarsamningar ríkis og sveitarfélaga hvetja til samvinnuverkefna. Hér eru ábyrgir einstaklingar í samfélagslegu átaki að endurbyggja gömlu rækjuverksmiðjuna á Bíldudal með það fyrir augum að opna Skrímslasetur Íslands. Fyrsti áfangi Setursins var opnaður árið 2007. Ljósmynd Magnús Óskarsson.

Menningarstefnan lagði til atlögu við eldri fagurfræði með ýmsum hætti, svo sem eins og með gerð menningarsamninga við samtök sveitarfélaga og með áformum um byggingu svokallaðra menningarhúsa. Við undirritun menningarsamninga ríkisins við nokkur sveitarfélög árið 2007 kom fram hjá ráðuneytunum (menntamálaráðuneyti og samgönguráðuneyti undirrituðu þá sameiginlega) „að tilgangur menningarsamninganna sé að efla menningarstarf á viðkomandi landsvæði og beina stuðningi ríkis og sveitarfélaganna við slíkt starf í einn farveg. Jafnframt séu *áhrif* sveitarfélaga á forgangsöröðun verkefna aukin“ („Menningarsamningar gerðir“, 2007).⁵ Í þeim gögnum og viðtölum sem við áttum við forsvarsmenn nýlegra safna, sýninga og setra hér á landi, kemur skýrt fram að lögð er áhersla á bæði gagnsemi og skemmtun. Sem dæmi má nefna að rík áhersla er á menntunarlegt hlutverk verkefnanna, þar sem áherslan er bæði á ferðamennsku og tengsl við menntastofnanir eins og skóla. Í viðtölunum er einnig oft gripið til þess að segja það nauðsynlegt að verkefni séu „lifandi.“ Safnamenn víða um land sem unnu við eldri safnastofnanir gerðu sér margir grein fyrir því að með nýjum áherslum á skemmtimenntun í safnastarfi og afþreyingu, og með stofnun nýrra „safna“, var verið að leggja áherslu á aðra þætti en verið höfðu áður í starfsemi þeirra, s.s. eins og að veita góða þjónustu. Sumar eldri safnastofnanir brugðust við þessum breytingum með því að undirstrika fagurfræðileg gildi sem þær

⁵ Leturbreyting okkar.

höfðu haft í heiðri og breyttu heiti stofnanana. Gott dæmi um þetta er Menningarmiðstöðvar Þingeyinga, sem árið 2007 sameinaði safnastofnanir í norður og suður Þingeyjarsýslum undir heiti sem undirstrikar eldra hlutverk þeirra sem *menningarstofnun*, frekar en þjónustustofnun. Safnaráð, sem hvatt hefur til sameiningar safna undanfarin ár, hefur tekið dæmi af Menningarmiðstöð Þingeyinga um vel heppnaða breytingu.



Mynd 2. Frá fundi 20/20 Menningarlandið, Hótel Loftleidir. 30. apríl 2010. Ljósmynd Heiða Björk Árnadóttir.

Undir lok ársins 2010, tæpum tveimur árum eftir að síðasta ríkisstjórnin sem aðhylltist opinberlega menningarstefnu frjálshyggju fór frá völdum, hefur ný ríkisstjórn hafið vinnu sem ber heitið 20/20 Sóknaráætlun og byggist á „verkáætlun um hvernig best verði lagður grunnur að nýrri sókn í íslensku atvinnulífi og samfélagi“ („20/20 – Sóknaráætlun“, 2009). Hér er að mörgu leyti verið að byggja á fyrri menningarstefnu en í ávarpi menntamálaráðherra á fundinum kom meðal annars fram að ætlunin með fundinum sé að hafa *samráð*, sýna *gegnsei* og að *virkeja* lýðræðisleg vinnubrögð, en þetta er tungutak sem er vel þekkt úr menningarumræðunni frá fyrri árum. Í stjórnarsáttmála Samfylkingar og Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs, frá vordögum 2009, er hins vegar tekið sérstaklega fram að „Mótuð verði menningarstefna til framtíðar í samráði við listamenn og aðra þá sem starfa að menningarmálum“ („Samstarfsyfirlýsing...“ 2009, bls. 8) og er vísbending um áherslubreytingu frá því sem áður hefur tíðkast. En skilin eru ekki mjög skörp. Fjölmörg þing voru haldin allt frá 1991 þar sem rætt var um menningarmál með ýmsum hætti. Sem dæmi var haldin ráðstefna árið 2001 sem einnig bar yfirskriftina Menningarlandið, þar sem

Ráðstefnunni [var] ætlað að reifa stöðu og framtíðarhorfur í menningarmálum frá sjónarhóli þeirra er bera ábyrgð á og standa að menningarstarfi á landsbyggðinni. Einnig er gert ráð fyrir að vinnuhópar taki til nánari umfjöllunar tillögur í fyrrnefndri skýrslu um stefnumótun og fjölgun starfa í menningarmálum á landsbyggðinni. Verkefni vinnuhópanna er að beina til ráðstefnuhaldara og annarra aðila

tillögum um hvort og þá hvernig best er að standa að framkvæmd þessara tillagna.⁶
(„Stefnumótun í“, 2001).

Það er athyglisvert að 20/20 verkefnið tvinnar saman menningarstefnu og fagurfræði með þeim hætti að pólitíska valdið og grasrótin tala saman á þann hátt að fagurfræði grasrotarinnar hefur áhrif á það hvernig menningarstefna er mótuð. Sú breyting þarf hins vegar ekki að þýða að verið sé að hverfa af braut miðstýringar og forræðis á sviði menningarstefnu og fagurfræði, þar sem öll úrvinnsla verkefnisins 20/20 er á forræði yfirvalda og þar með án þess samráðs, gagnsæis eða virkjunar sem höfð eru að leiðarljósi!

Lokaorð⁷

Eins og komið hefur fram þá tók menningarstefna ríkisstjórna á tímabilinu 1991-2009 mið af pólitískum gildum nýfrjálshyggju. Lögð var áhersla á að minnka ríkisafskipti og leita leiða til að virkja einstaklingsframtak og um leið að styrkja tengsl við sveitastjórnir. Þetta fól í sér afnám miðstýringar ríkisvaldsins á menningarsviðinu, þar sem markmiðið var valddreifing um ákvarðanatökur og framkvæmdir. Þetta sést með ýmsum hætti svo sem í breytingum á rekstrarformi menningarstofna á borð við söfn, og með stofnun nýrra verkefna sem rekja má til einstaklingsframtaks. Í þessari grein höfum við aðallega horft til þess hvernig gagnkvæm tengsl hafa myndast milli menningarstefnu stjórnvalda við fagurfræðileg gildi einstaklinga og stofnana. Búinn hefur verið til sérstakur vettvangur (rás) fyrir þessi fagurfræðilegu gildi, s.s. í gegnum samningsstjórnun og samráðsfundi á borð við 20/20, svo eitthvað sé talið, sem nauðsynlegt er að skoða til þess að skilja hvernig pólitísk stefnumótun á sér stað og er notuð í stjórnkerfi menningarinnar.

⁶ Leturbreyting okkar.

⁷ Við viljum þakka Arnari Árnasyni, Tinnu Grétarsdóttur og Sigrúnu Ástu Jónsdóttur fyrir gagnlegar athugasemdir við smíði greinarinnar.

Heimildir

- Árnason, A., Hafsteinsson, S. B. og Grétarsdóttir, T. (2003). Letters to the dead: Obituaries and identity, memory and forgetting in Iceland. *Mortality* 8(3), 268-284.
- Bordieu, P. (1984). *Distinction: A social critique of the judgement of taste*. London og New York: Routledge.
- Björn Bjarnason. (1995, 20. september). Alþjóðleg menningarsýn. *Morgunblaðið*.
- Björn Bjarnason. (2002, 2. mars). Einkavæðing hefur áhrif á menningarhús. *DV*, bls. 4.
- Heelas, P. og Morris, P. (1992). Enterprice culture: Its values and value. Í Heelas, P. og Morris, P. (ritstjórar), *The Values of Enterprice Culture: The Moral Debate* (bls. 1-26). London og New York: Routledge.
- Guðmundsson, G. (2003). Cultural Policy in Iceland. Í P. Duelund (ritstjóri), *The Nordic cultural model* (bls. 113-145). Kaupmannahöfn: Nordic Cultural Institute.
- Guðbrandur Benediktsson. (1997, júní). Óbirt viðtal við Björn Bjarnason.
- Gunnar B. Kvaran. (1996). Listasafnið í samtímanum. *Fréttabréf safnmanna*. Félag íslenskra safnmanna, bls. 5-9.
- Haukur F. Hannesson. (2010). fyrir *Er til menningarstefna á Íslandi? Greining á menningarstefnu íslenska ríkisins eins og hún lítur út í desember 2009*. Skýrsla til Mennta- og menningarmálaráðuneytis.
- Hlutverk Þjóðminjasafns enn mikilvægara en áður var. (2003, 23. febrúar). *Morgunblaðið*, bls. 23.
- Loftur Atli Eiríksson. (2010). Menningarvæðing viðskiptalífsins. *Ritið*, 1, 59-82.
- Lög um Náttúruminjasafn Íslands* nr. 35/2007.
- Menningarsamningar gerðir við sveitarfélög. (2007, 4. maí). *Morgunblaðið*. Sótt 10. ágúst 2010 af http://www.mbl.is/mm/frettir/innlent/2007/05/04/menningarsamningar_gerdir_vid_sveitarfelog/
- Ómar H. Kristmundsson. (2003). *Reinventing government in Iceland: A case study of public management reform*. Reykjavík: University of Iceland Press.
- Ómar H. Kristmundsson. (2008). Stefnumiðuð áætlanagerð félagasamtaka. *Stjórnmal og stjórnsýsla*, 4, 65-87.
- Ómar H. Kristmundsson. (2009). The changing relationship between the government and the nonprofit sector in Iceland. *Stjórnmal og stjórnsýsla*, 2(5), 251-265.
- Reykjavíkurbreif. (2001, 29. júlí). *Morgunblaðið*, bls. 28-29.
- Safnalög* nr. 106/2001.
- Samstarfsyfirlýsing ríkisstjórnar Samfylkingar og Vinstri hreyfingarinnar Græns framboðs*. (2009). Sótt 11. október 2010 af http://www.stjornarrad.is/media/Skjol/rikisstjorn_8mai09.pdf
- Shore, C og Wright, S. (1997). *Anthropology of policy: Critical perspectives on governance and power*. London og New York: Routledge.
- Sigurbjörg Þrastardóttir. (2002, 9. ágúst). Langafi þinn var fjárbóndi. *Morgunblaðið*, bls. 2B.
- Stefnumótun í menningarmálum á landsbyggðinni. (2001). Sótt 8. September 2010 af http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/malthing_og_radstefnur/nr/983
- Street, J. (2000). Aesthetics, policy and the politics of popular culture. *European Journal of Cultural Studies*, 3(1), 27-43.
- Tryggvi Þórhallsson. (1994). *Forkönnunarskýrsla unnin fyrir menntamálaráðuneytið og Samband íslenskra myndlistarmanna um Upplýsingamiðstöð myndlistar*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Þjóðminjalög* nr. 107/2001.
- Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir. (2008). Andsvar á Alþingi (135. Löggjafarþing, 87. Fundur, 9. Apríl). Sótt 17. ágúst 2010 af <http://www.althingi.is/raeda/135/rad20080409T132255.html>

20/20 – Sóknaráætlun fyrir Ísland. (2009). Sótt. 8. september 2010 af [http://-
www.forsætisraduneyti.is/frettir/nr/3819](http://www.forsætisraduneyti.is/frettir/nr/3819)